



107. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í Stofu íslenskra fræða fimmtudaginn 24. nóvember 2024 kl.

13:00

Fundinn sátu:

Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Sigurður Pétursson (fulltrúi kennara), Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Gunnar Þorgeirsson, Bragi Bjarnason, Jóhannes Sveinbjörnsson, Eyþór Sigurðsson (fulltrúi foreldra) forfallaðist, Eydís Lilja Einarsdóttir (fulltrúi nemenda) Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð. Sérstakur fundargestur: Ragnheiður Bjarnadóttir, fjármálastjóri ML. Eydís Indriðadóttir og Fanney Ólöf Lárusdóttir voru á Teams.

Dagskrá:

1. Haust í ML – kynning á skólastarfi
2. Framkvæmdir
3. Kór
4. Önnur mál
 - a) Mötuneyti og þvottahús ML

Gunnar setur fundinn og gefur Jónu Kötu orðið.

1. Haust í ML - kynning á skólastarfi

Jóna Katrín fer yfir skólastarfið það sem af er haustönninni. Sýnir fundarfólki glærur með myndum af hefðum, venjum og ferðum. Gunnar spyr um fjölda nemenda, kynjahlutfall og aðsókn. Við skólann eru nú skráðir til náms 138 nemendur. Gunnar spyr einnig um stöðu mála hjá kennurum. Jóna Katrín svarar því til að kennarahópurinn sé vel menntaður og flestir með kennsluréttindi en að tveir kennarar séu í veikindaleyfi. Nýr kennari í dönsku er Anna Ásmundsdóttir.

2. Framkvæmdir

Jóna Katrín heldur áfram og fer yfir það sem helst er að fréttu varðandi framkvæmdir á húsnæði skólans, heimavistum og starfsmannahúsnæði.

Starfsmannahúsnæði;

Bali hefur verið í alherja yfirhalningu. Það fannst mygla í kjallaranum, framkvæmdum ætti að



Ijúka fyrir jól 2024.

Tröð, skipta þarf út loftekni og ljósum í svefnherbergisálmum.

Barð, fær nýtt þak fyrir áramót.

Nös, heimavist; þar er framkvæmdum lokið í bili en í húsi eitt hafa öll herbergin verið uppgerð; nýtt gólfefni og skápar ásamt því að salernin hafa verið endurnýjuð.

Loftaefni á Kös eru úreld, í jólafríinu á að taka efnið niður og nýtt loftaefni og nýr ljósabúnaður settur upp í janúar og febrúar 2025.

Fjarvist, heimavistarrými í aðalbyggingu skólans. Þar fáum við ný baðherbergi, vonandi sumarið 2025.

Í skólahúsnæði eru nokkur rými sem þarf að taka í yfirhalningu. Hönnunarvinnu vegna endurnýjunar Efnafræðistofu er lokið og er verkið í útboðsferli. Verið er að hanna nýtt loftræstikerfi í aðalbyggingu skólans en kerfið er barn síns tíma og virkar ekki sem skildi.

3. Kór

Eyrún Jónasdóttir er stjórnandi kórs ML. Fjöldi nemenda í kór er 114 sem gerir um 82% prósent núverandi nemenda ML.

Kórbúðir voru í Aratunga á haustdögum. Haustverkefni hjá ML-kórsins er samvinna við Sinfóníuhljómsveit Suðurlands og fyrrum nemendur. Þau halda saman jólatónleika í Skálholti laugardaginn 30. nóvember. Kórinn mun síðan halda tónleika í febrúar og svo vortónleika til frekari fjáröflunar.

Eydís Lilja fékk orðið og tók fram að nemendum finnst einingafjöldi fyrir kórinn ekki endurspeglar vinnumagnið.

4. Önnur mál

Ragnheiður gjaldkeri/fjármálastjóri fékk orðið. Hún fer yfir ársreikning mötuneytis ML. Nýr rekstrakostnaður fyrir mötuneytið og þvottahús er hiti og rafmagn. Mötuneyti ML kemur út í halla, um 1.706.054 kr.

Jóna Katrín fer yfir tillögu um hækkun á gjaldi mötuneytis og þvottahúss um 2%. Lögð var fram sú tillaga að hækka gjald til Bláskógarbyggðar um 2%. Nefndarmenn samþykkja hækkunina.

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:16

Fundargerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir